

Fjarðabyggð
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík 3. nóvember 2017
UST201709-085/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Fjarðabyggðar - breytingar - grjótnáma við Kappeyri

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 12. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027 á svæði grjótnámu á Kappeyri.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að efnisnáma við Kappeyri í Fáskrúðsfirði hefur verið nýtt m.a. til vinnslu á stórgrýti frá 2007-2008, en er ekki inni á gildandi aðalskipulagi. Einnig kemur fram að þörf er á námunni vegna framkvæmda í Fáskrúðsfirði, og að áætlað heildarmagn efnistöku er 49.000 m³.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að efnisnáman á Kappeyri er staðsett innan við 2 km austan við þéttbýli Fáskrúðsfjarðar. Einnig kemur fram að raskað svæði vegna efnistöku er um 0,5 ha.

Umhverfisskýrsla


Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu fellur efnistakan á Kappeyri undir tölulið 2.04 í 1.viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000 og þar með undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í umsögn um lýsingu ofangreindrar breytingartillögu lagði Umhverfisstofnun áherslu á að fjallað yrði um áhrif efnistökkunnar á ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun tekur undir umhverfisskýrslu en þar segir að áhrif á landslag og ásýnd svæðisins verði neikvæð meðan á efnistöku stendur. Stofnunin bendir á að með skipulagðri efnistöku þannig að sjónræn áhrif frá vegi verði lágörkuð megi milda áhrif á ásýnd og landslag.


Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um frágang svæðisins og eftirfylgni og bendir

einnig á vefinn namur.is varðandi upplýsingar um efnistöku og frágang efnistökusvæða.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við breytingartillöguna.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar B Bragason
Teymisstjóri